



AKAM,

ÉG

Verkefnahefti

**Þórunn Rakel
Gylfadóttir**

**Rakel Edda
Guðmundsdóttir**

OG

ANNIKA

FORMÁLI AÐ VERKEFNAHEFTI

Hér getur að líta hugmyndabanka með verkefnum sem byggja á bókinni *Akam, ég og Annika* eftir Þórunni Rakel Gylfadóttur. Bókin, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og ungmennabóka árið 2021, býður upp á umræður af fjölbreyttum toga. Aðaltilgangurinn með heftinu er að hvetja til þjálfunar í íslensku, hvort sem er í ræðu eða riti, og skapandi og gagnrýninnna vangaveltna um efni bókarinnar. Verkefnin nýtast bæði í einstaklingsvinnu og til að ræða og leysa í hópum.

Heftið skiptist í fjóra hluta: Kaflaspurningar, styttri frásagnarverkefni, lengri frásagnarverkefni og ýmis verkefni.

Það er von okkar höfundanna að verkefnin nái að vekja líflegar umræður sem endurspegli samfélagsumræður hvers tíma, styðji við sjálfstæða og gagnrýna hugsun, og auki umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika mannlífsins. Einnig vonum við að skáldsagan og verkefnin nái að kveikja hjá lesendum áhuga og væntumþykju í garð íslenskrar tungu.

Heftið er rafrænt og verður endurskoðað og uppfært eftir því sem tilefni gefst til. Ábendingar, endurgjöf eða hugmyndir má gjarnan senda á netfangið akamegogannika@gmail.com.

Þróunarsjóði námsgagna viljum við þakka fyrir veittan stuðning og einnig útgefanda okkar, forlaginu Angústúru. Þá fær Björg Hjartardóttir þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar við samningu verkefnanna.

Með kærri kveðju,
Rakel Edda Guðmundsdóttir
Þórunn Rakel Gylfadóttir

EFNISYFIRLIT

SPURNINGAR ÚR EINSTÖKUM KÖFLUM 4

Spurningar úr 1.–3. kafla	4
Spurningar úr 4.–7. kafla	5
Spurningar úr 8.–11. kafla	6
Spurningar úr 12.–15. kafla	7
Spurningar úr 16.–19. kafla	8
Spurningar úr 20.–22. kafla	9
Spurningar úr 23.–25. kafla	10
Spurningar úr 26.–27. kafla	11
Spurningar úr 28.–30. kafla	12
Spurningar úr 31.–34. kafla	13
Spurningar úr 35.–37. kafla	14
Spurningar úr 38.–39. kafla	15
Spurningar úr 40.–42. kafla	16
Spurningar úr 43.–45. kafla	17
Spurningar úr 46.–48. kafla	18

STYTTRI FRÁSAGNARVERKEFNI 19

Stutt frásagnarverkefni úr 1.–12. kafla	19
Stutt frásagnarverkefni úr 13.–24. kafla	22
Stutt frásagnarverkefni úr 25.–36. kafla	22
Stutt frásagnarverkefni úr 37.–48. kafla	24

LENGRI FRÁSAGNARVERKEFNI 27

ÝMIS VERKEFNI 31

SPURNINGAR ÚR EINSTÖKUM KÖFLUM

Spurningar úr 1. kafla

1. Af hverju er Hrafnhildur ósátt við að flytja frá Íslandi?
2. Hvaða hugsanir heldur þú að fari í gegnum huga Hrafnhildar morguninn sem hún á að fljúga út til nýs lands?
3. Hvernig líður Hrafnhildi yfir samskiptum foreldra sinna eftir skilnað þeirra?
4. Hrafnhildur lýsir vandræðalegu atviki sem hún upplifði með ömmu sinni. Hvaða atvik er það?
5. Hefur þú upplifað eitthvað álíka í fjölskyldu þinni?
6. Lýstu Hrafnhildi í nokkrum orðum eða teiknaðu af henni mynd eins og þú sérð hana fyrir þér.

Spurningar úr 2. kafla

1. Hver er ástæða rifrildis ömmu og mömmu Hrafnhildar í byrjun 2. kafla?
2. Hvernig bregst Hrafnhildur við í þeim aðstæðum?
3. Á bls. 15 svarar Hrafnhildur mömmu sinni með orðunum: „Hann er svo miklu barnalegri en pabbi að þú skilur loksins einhverja brandara. Til hamingju!“ Hvers vegna heldur þú að hún segi þetta?
4. Hvaða tilfinningar telur þú að liggi að baki orðum hennar?
5. Efst á bls. 16 segir amma Hrafnhildar að um „líf og limi sé að tefla“. Hvað á hún við?
6. Hvaða breytingar á mataræði fjölskyldunnar hefur Ólöf, mamma Hrafnhildar, í huga?
7. Af hverju er Hrafnhildur sérstaklega ósátt við þessar breytingar?

Spurningar úr 3. kafla

1. Að hvaða leyti eru foreldrar Hrafnhildar ólíkir?
2. Á bls. 21 segir Hrafnhildur: „Pabbi var sem hengdur upp á þráð.“ Hvað á hún við?
3. Hvaða atvik rifjar Hrafnhildur upp á leiðinni út á Keflavíkurlflugvöll?
4. Af hverju heldur þú að mömmu hennar finnist það óþægilegt?
5. Hvað eiga amma og pabbi Hrafnhildar sameiginlegt?
6. Eftir skilnað foreldra Hrafnhildar halda amma Hrafnhildar og pabbi hennar áfram að vera góðir vinir þó svo að þau séu ekki tengd blóðböndum. Hvað merkir það að vera tengdur blóðböndum?
7. Hvort heldur þú að algengara sé að fólk missi samband við fyrrverandi tengdafjölskyldu eftir skilnað eða rækti það áfram? Kannski getur þú nefnt dæmi úr eigin lífi.
8. Á bls. 24 er fjallað um samband foreldra Hrafnhildar. Hverjar telur þú vera helstu ástæður þess að því lauk með skilnaði?

Spurningar úr 4. kafla

1. Lýstu sambandi Hrafnhildar og ömmu hennar í nokkrum málsgreinum. Byggðu svar þitt á því sem sagt er beinum orðum í bókinni en þú mátt líka bæta við eigin hugleiðingum um tengslin sem mögulega eru á milli þeirra.
2. Á bls. 25 er sagt að amma Hrafnhildar hafi „barist við að beygja ekki af“. Við hvað er átt?
3. Yfir hverju rífast Hrafnhildur og mamma hennar í flugstöðinni?
4. Hvort ertu frekar sammála Hrafnhildi eða mömmu hennar?
5. Getur þú fundið rök fyrir sjónarmiðum þeirra beggja?
6. Það er algengt að unglingar séu ekki alltaf sammála áherslum foreldra sinna í uppeldismálum. Getur þú nefnt hugsanlegar orsakir ósættis á milli þeirra? Hér getur þú líka tekið dæmi úr bókinni.

Spurningar úr 5. kafla

1. Hver er Kormákur?
2. Hvers vegna fer hann í taugarnar á Hrafnhildi?
3. Finnst þér viðbrögð Hrafnhildar réttmæt og sanngjörn?
4. Hvað finnst þér um viðbrögð Kormáks þegar hún biður hann að eyða myndinni?
5. Hvert er Hrafnhildur að flytja?
6. Hvernig líður Hrafnhildi þegar hún sest um borð í flugvélinu?
7. Finnst þér hún ná að sættast við mömmu sína?

Spurningar úr 6. kafla

1. Lýstu Tryggva, stjúppabba Hrafnhildar.
2. Hver eru viðbrögð Hrafnhildar þegar hún kemst að því að mamma hennar eigi von á tvíburum?
3. Hvernig heldur þú að Hrafnhildi hafi liðið þegar hún frétti af þungun mömmu sinnar?
4. Finnst þér að mamma Hrafnhildar hefði átt að segja pabba hennar fyrir frá því að hún væri ólétt? Rökstyddu svar þitt.

Spurningar úr 7. kafla

1. Hvernig kemur Tryggvi Hrafnhildi á óvart við komuna til Þýskalands?
2. Hvernig líður Hrafnhildi í bílnum á leiðinni að nýja heimilinu?
3. Hver eru viðbrögð hennar við myndbirtingu Kormáks?
4. Eru þau viðbrögð skiljanleg að þínu mati eða ætti hún að leiða þetta atvik hjá sér og láta sem ekkert sé? Rökstyddu svar þitt.
5. Er sanngjarnt af Hrafnhildi að ætlast til að Linda tali við Kormák eða ætti hún að bregðast við á annan hátt? Rökstyddu svar þitt.
6. Myndir þú ráðleggja Hrafnhildi að segja mömmu sinni frá myndbirtingunni? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
7. Þegar mamma Hrafnhildar þakkar henni fyrir að hafa lagt það á sig að taka fiskibollurnar með út, verður mamma hennar ögn skömmustuleg. Hver gæti verið skýringin á því?
8. Hvað á mamma Hrafnhildar við þegar hún segir að amma hennar „viti hvað hún syngi“ á bls. 48?

Spurningar úr 8. kafla

1. Hvað vill Hrafnhildur að Linda geri í sambandi við myndbirtingu Kormáks?
2. Hvers vegna er Linda treg til að bregðast við óskum Hrafnhildar?
3. Hrafnhildur hringir á endanum í pabba sinn og biður hann um aðstoð. Hvernig hefðir þú brugðist við í hennar sporum og af hverju?
4. Ásgerður, mamma Lindu, aðstoðar pabba Hrafnhildar í baráttu hans í náttúruverndarmálum. Hún vill þó ekki að það fréttist. Hver kann að vera ástæðan fyrir því?
5. Getur þú nefnt einhver álíka dæmi úr eigin lífi?

Spurningar úr 9. kafla

1. Mamma Hrafnhildar fer oft í taugarnar á henni. Nefndu dæmi um það í sögunni. Hefur þú skilning á pirringi Hrafnhildar?
2. Hvernig vill það til að Hrafnhildur eignast hjól?
3. Hvaða tilfinning grípur hana þegar hún prófar hjólið?

Spurningar úr 10. kafla

1. Hvernig upplifir Hrafnhildur stemninguna í nýja hverfinu sínu í Þýskalandi?
2. Hvaða tilfinningar bærast með Hrafnhildi fyrstu dagana í nýju landi?
3. Hvernig bætir Hrafnhildur sér upp brauðbannið á heimilinu?
4. Hvað myndir þú gera í hennar sporum?
5. Hvernig líður Hrafnhildi með að eiga að byrja fljótlega í nýjum skóla?
6. Á bls. 64 og 65 talar Hrafnhildur um það sem fer stundum í taugarnar á henni í samskiptum við mömmu sína en líka það sem hún saknar og þarfnast. Hvað er það?
7. Hvers þarfnast unglingar mest frá foreldrum sínum að þínu mati?
8. Í lok 10. kafla hringir Hrafnhildur dyrabjöllunni hjá nágranna sínum. Hver er sagan á bak við það?

Spurningar úr 11. kafla

1. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur þiggi boð Heidiar um að koma inn til hennar?
2. Á bls. 69 stendur: „Það hlýtur hreinlega að renna í þér írskt blóð.“ Hvað á Heidi við?
3. Á bls. 70 stendur: „Ég skil, sagði hún og virtist skilja meira en ég hafði sagt.“ Hvernig er að þínu mati hægt að skilja meira en það sem er sagt?
4. Hvernig líður Hrafnhildi þegar hún stendur í eldhúsi Heidiar?
5. Hvernig breytast tilfinningar Hrafnhildar þegar líða tekur á heimsóknina?
6. Af hverju forðast Hrafnhildur að segja mömmu sinni frá kynnum sínum af Heidi?
7. Hvernig bregst Tryggvi við þegar Hrafnhildur kemur seint heim þetta kvöld?
8. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur eigi einmitt þetta kvöld frumkvæðið að því að sættast við Lindu?

Spurningar úr 12. kafla

1. Hverjar telur þú vera skoðanir ömmu Hrafnhildar í umhverfismálum?
2. Hvað þýðir orðatiltækið sem amma Hrafnhildar notar á bls. 77: „Hann velgir þeim aldeilis undir uggum“?
3. Hvernig bregst mamma Hrafnhildar við heimsókn Heidiar?
4. Hverjar telur þú ástæðurnar vera fyrir þeim viðbrögðum?
5. Í samtali mæðgnanna, Ólafar og Hrafnhildar, á bls. 81 leggja þær mismunandi merkingu í orðið innflytjandi. Hvað finnst þér orðið innflytjandi þýða?
6. Hver er munurinn á orðinu innflytjandi og orðinu flóttamaður?
7. Hvaða hóp af fólki á Ólöf við þegar hún segir „þetta fólk“?
8. Af hverju heldur þú að Ólöf geri ráð fyrir því að innflytjendur hafi ekki gengið í skóla?
9. Hvað þýðir „að brenna allar brýr að baki sér“, sbr. bls. 83?
10. Hvað eru Ólöf og Hrafnhildur ósammála um í lok 12. kafla? Rökstyddu í stuttu máli sjónarmið beggja.

Spurningar úr 13. kafla

1. Hvernig móttökur fá Hrafnhildur og mamma hennar í þýsku skólunum?
2. Hvernig líður Hrafnhildi eftir heimsóknirnar?
3. Á bls. 88 segir Frau Hochwald: „Ég vildi að ég gæti sagt að allir hafi haft erindi sem erfiði.“ Hvað á hún við?
4. Heinz-Otto er kynntur til sögunnar í þessum kafla. Hvernig kemur hann þér fyrir sjónir? Hér máttu gjarnan lýsa honum út frá þeirri tilfinningu sem þú hefur fyrir honum.
5. Hvernig heldur þú að Hrafnhildi lítist á Heinz-Otto þegar hún hittir hann í fyrsta sinn?

Spurningar úr 14. kafla

1. Segðu í stuttu máli frá fyrsta skóladegi Hrafnhildar í Þýskalandi.
2. Hvað kemur henni leiðinlega á óvart?
3. Finnst þér viðbrögð Hrafnhildar í lok kaflans skiljanleg? Rökstyddu svar þitt.

Spurningar úr 15. kafla

1. Þegar Hrafnhildur sér Akam í fyrsta skipti er hún frekar hranaleg (óvingjarnleg) við hann. Hvaða ástæður heldur þú að séu fyrir því?
2. Settu þig í spor Akams. Hvernig heldur þú að honum líði þegar hann sér Hrafnhildi í fyrsta sinn?
3. Finnst þér Frau Richter gera raunhæfar kröfur til Hrafnhildar?
4. Nefndu tvö til þrjú dæmi þar sem Hrafnhildur lætur óánægju sína í ljós, sýnir mótþróa.
5. Getur þú útskýrt með þínum eigin orðum hvað það merkir að sýna mótþróa?
6. Hvað þýðir „að klóra í bakkann“, sbr. bls. 101?
7. Af hverju gengur Hrafnhildur aftur að járngirðingunni við skólann?
8. Það má segja að Hrafnhildur brjóti ísinn á milli sín og Akams í lok 15. kafla. Hvernig gerir hún það?
9. Af hverju heldur þú að hún geri það?

Spurningar úr 16. kafla

1. Í samræðum Akams og Hrafnhildar í upphafi 16. kafla lítur ekki út fyrir að þau eigi margt sameiginlegt. Hvað gæti samt sem áður verið líkt með þeim?
2. Hvað kemur upp á þegar Hrafnhildur og Akam ganga inn í skólann eftir að hafa talað saman í frímínútunum?
3. Hvernig bregst Hrafnhildur við?
4. En Akam?
5. Hver gæti verið skýringin á mismunandi viðbrögðum þeirra?

Spurningar úr 17. kafla

1. Lýstu með þínum eigin orðum líðan Hrafnhildar þegar hún týnist í skóginum í íþróttatímanum.
2. Hvernig vill það til að Hrafnhildur kynnist Anniku?
3. Af hverju velur Hrafnhildur að fara með Anniku niður í bæ frekar en að fara heim?
4. Telur þú að unglingum finnist foreldrar spyrja of mikið um allt mögulegt?
5. Getur þú nefnt dæmi um pirrandi spurningar foreldra?

Spurningar úr 18. kafla

1. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur sé hissa á að Annika búi jafn ríkmannlega og raunin er?
2. Getur þú nefnt atburð sem hlýtur að hafa markað djúp spor í lífi Anniku?
3. Á bls. 121 segir Hrafnhildur að henni finnist tilveran öll vera of stór á sig. Hvað heldur þú að hún meini með því?
4. Hrafnhildur fer með Anniku í bæinn. Hvaða atvik veldur því að Hrafnhildur ákveður að drífa sig heim?
5. Þegar heim er komið segir Hrafnhildur mömmu sinni að hún sé buguð af því að hún hafi ekki verið í nógu góðum skóm. Af hverju segir Hrafnhildur ekki satt?
6. Af hverju heldur þú að það liggi svona illa á Hrafnhildi þetta kvöld?

Spurningar úr 19. kafla

1. Lýstu upplifun Hrafnhildar af fyrstu kennslustundinni hjá kennaranum Heinz-Otto.
2. Finnst þér Heinz-Otto gera réttlátar kröfur til Hrafnhildar? Rökstyddu svar þitt.
3. Í þessum kafla ákveður Hrafnhildur að tala hvorki við Akam né Anniku. Af hverju?
4. Heinz-Otto biður nemendur bekkjarins að bjóða sig fram til að aðstoða Hrafnhildi við ákveðið verkefni.
5. Hvert er verkefnið sem hann leggur fyrir?
6. Hver býðst til að hjálpa Hrafnhildi?
7. Hver eru viðbrögð hennar við því?
8. Í frímínútum hyggst Hrafnhildur grípa til sinna ráða til að finna sér nýja vini. Til hvaða bragðs grípur Hrafnhildur?
9. Ber tilraun hennar árangur? Lýstu atvikinu með eigin orðum.
10. Hvernig líður Hrafnhildi í lok frímínútnanna?

Spurningar úr 20. kafla

1. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir Hrafnhildi að mæta með tyggjó í skólann?
2. Hver eru viðbrögð Akams þegar þau Hrafnhildur hittast úti á skólalóðinni?
3. Hrafnhildur kemst að ýmsu um Akam í samtali þeirra tveggja á leiðinni heim. Segðu frá því helsta.
4. Það má segja að það ríki spenna á milli Hrafnhildar og Akams þegar þau tala saman. Þennan dag virðist þó létta á þeirri spennu. Er það vegna einhvers sem þau segja eða gera?
5. Neðst á bls. 143 og efst á bls. 144 segir Hrafnhildur Akam frá ákveðnu atviki sem átti sér stað á Íslandi. Hvert er það atvik?
6. Af hverju heldur þú að Akam sé þeirrar skoðunar að sams konar atvik gæti ekki átt sér stað í Þýskalandi?
7. Hvað á Akam við þegar hann segir á bls. 144: „Við verðum alltaf flóttafólk hér. Eða það held ég. Alltaf innflytjendur.“
8. Hver eru þessi við sem hann telur sig tilheyra?
9. Af samtali Akams og Hrafnhildar má skilja að þau hafi flust til Þýskalands af ólíkum ástæðum og að staða þeirra í landinu sé ekki alveg sambærileg. Útskýrðu með eigin orðum á hvaða hátt þau standa ólíkt að vígi.
10. Hvernig kemur það til að Hrafnhildur og Akam borða saman á pitsustaðnum?
11. Hverja sjá Akam og Hrafnhildur fyrir utan veitingastaðinn og hvernig bregst Hrafnhildur við? Getur þú útskýrt framkomu Hrafnhildar?

Spurningar úr 21. kafla

1. Í þessum kafla kynnumst við Heidi örlítið betur. Lýstu henni í stuttu máli.
2. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur fari til Heidiar eftir skóla þennan dag í stað þess að fara beint heim til sín?
3. Af hverju heldur þú að Heidi stingi upp á að bjóða fjölskyldu Hrafnhildar í mat?
4. Hvers vegna er Hrafnhildur smeyk við að tala um Akam fyrir framan fjölskyldu sína?
5. Persónuleikar Tryggva og Ólafar, foreldra Hrafnhildar, eru farnir að skýrast betur þegar hér er komið sögu. Hvað er líkt og hvað er ólíkt með þeim? Nefndu nokkur atriði.

Spurningar úr 22. kafla

1. Hvað liggur Lindu á hjarta þegar hún hringir í Hrafnhildi í upphafi kaflans?
2. Hvernig bregst Hrafnhildur við og af hverju koma viðbrögð hennar illa við Lindu?
3. Hvað kemur í veg fyrir að Hrafnhildur geti talað við mömmu sína eftir símtalið við Lindu?
4. Af hverju hringir Hrafnhildur ekki í pabba sinn?
5. Hvað er stafrænt kynferðisofbeldi?
6. Telur þú að hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi eigi við í tilviki Kormáks og Lindu?

Spurningar úr 23. kafla

1. Hvernig þróast samband Lindu og Hrafnhildar eftir símtalið í lok 22. kafla?
2. Hvaða áhrif hefur atvikið í stofunni í kafla 22 á samskipti Hrafnhildar og mömmu hennar?
3. Af hverju biður Hrafnhildur Akam um hjálp?
4. Telur þú að Akam segi satt um tilurð skurðarins á enni hans?
5. Að hverju kemst Hrafnhildur um Akam í þessum kafla?
6. Hvernig bregst hún við því?
7. Hvaða tilfinningar heldur þú að bærast innra með henni?

Spurningar úr 24. kafla

1. Hvernig kennari er Heinz-Otto? Lýstu honum í nokkrum málsgreinum.
2. Neðarlega á bls. 171 spyr Hrafnhildur sjálfa sig eftirfarandi spurningar:
„Skyldu þeir sem beita óréttlæti reiða sig á að skömmin þaggi niður í fórnarlömbunum og þau láti þar með málið niður falla frekar en að berjast fyrir sannleika og réttlæti?“ Hvað meinar Hrafnhildur með þessum orðum?
3. Telur þú að þælingar hennar eigi rétt á sér?
4. Ef svo er, getur þú rökstutt svar þitt með dæmum úr bókinni eða úr eigin lífi?
5. Heinz-Otto segir að fáir séu í raun tilbúnir til að fórna öllu fyrir réttlætið þegar á reyni. Heldur þú að það sé rétt hjá honum?
6. Hvaða ástæður gætu legið þar að baki?
7. Af hverju koma umræðurnar í kennslustundum Heinz-Ottos róti á huga Hrafnhildar?

Spurningar úr 25. kafla

1. Hvað dreymir Hrafnhildi þegar hún leggur sig heima hjá Anniku?
2. Hvernig tengist draumur hennar raunveruleikanum?
3. Hvernig bregst Annika við þegar Hrafnhildur segir henni frá áhyggjum sínum?
4. Hvað er hefndarklám og hvað er hrelliklám?
5. Hverju trúir Hrafnhildur Anniku fyrir?
6. Lýstu pabba Anniku í nokkrum málsgreinum.
7. Hvernig skilur þú orðið „sprittlegur“?
8. Hvaða tilfinningu hefur þú fyrir sambandi Anniku og pabba hennar?
9. Á bls. 182 stendur að Annika „kunni greinilega að vefja pabba sínum um fingur sér“. Hvað þýðir það?
10. Neðarlega á bls. 182 stendur að Annika „geti snúið öllu sér í hag“. Hvað merkir það?

Spurningar úr 26. kafla

1. Hver eru viðbrögð Ólafar og Tryggva þegar þau hitta Anniku í fyrsta sinn?
2. Eru þau ólík í viðmóti sínu gagnvart henni?
3. Ef svo er, hvernig?
4. List Ólöfu vel eða illa á Anniku sem félagi fyrir Hrafnhildi við fyrstu kynni?
5. Á hverju heldur þú að hún byggi skoðun sína?
6. Hvernig bregst Hrafnhildur við þegar mamma hennar gefur í skyn að hún vilji ekki að Annika passi tvíburana með henni?
7. Hvernig líður Hrafnhildi eftir rifrildið við mömmu sína?
8. Hvernig myndir þú lýsa framkomu Anniku gagnvart fjölskyldu Hrafnhildar? Hvaða lýsingarorð detta þér í hug?
9. Hvað finnst Hrafnhildi um framkomu Anniku í þessari fyrstu heimsókn á heimili hennar?
10. Hvaða hugsanir sækja á Hrafnhildi í lok kaflans?
11. Hvað á Hrafnhildur við þegar hún segist þurfa „að hrökkva eða stökkva“ á bls. 191?

Spurningar úr 27. kafla

1. Hrafnhildur veltir fyrir sér hvernig hún geti best hjálpað Lindu. Hún hugsar til þabba síns en vill samt helst ekki hringja í hann.
 - a) Hvers vegna ekki? Nefndu nokkrar ástæður sem Hrafnhildur gefur sjálf upp.
 - b) Detta þér í hug fleiri hugsanlegar ástæður?
2. Hvernig undirbýr Hrafnhildur sig fyrir símtalið við Kormák?
3. Hvernig líður Hrafnhildi meðan á símtalinu stendur?
4. Hvernig líður Hrafnhildi eftir símtalið?
5. Á bls. 197 segir Hrafnhildur: „Var ég ekki búin að gera allt sem í mínu valdi stóð?“ Hvers vegna heldur Hrafnhildur áfram að vinna í málinu þótt hana langi mest til að láta það kyrrt liggja og fá sér bara pitsu með stelpunum?
6. Hverju heldur þú að Hrafnhildur vilji ná fram með því að hringja í Kormák?
7. Heldur þú að framkoma Kormáks við Hrafnhildi á Keflavíkurflugvelli hafi haft áhrif á hana? Ef svo er, hvernig?
8. Hrafnhildur er ekki fullkomlega heiðarleg við Kormák í símann. Hvers vegna ekki?
9. Er réttlæt看legt að þínu mati að „hagræða“ sannleikanum (blekkja eða segja ekki allan sannleikann) þegar takmarkið er að ná fram réttlæti?
10. Hvers vegna heldur þú að Kormákur láti á endanum undan kröfum Hrafnhildar?
11. Hverju hefur Hrafnhildur komið til leiðar í lok kaflans? Hefur Hrafnhildur náð fram réttlæti fyrir Lindu?

Spurningar úr 28. kafla

1. Í síðasta kafla beitti Hrafnhildur Kormák snjöllu en ekki alveg heiðarlegu bragði til að reyna að ná fram réttlæti fyrir Lindu vinkonu sína. Nú efast Hrafnhildur um að hún hafi gert rétt. Lýstu áhyggjum Hrafnhildar með eigin orðum í stuttu máli.
2. Hverju kemst Hrafnhildur að um Akam og hvers vegna veldur það núningi eða erfiðleikum á milli Hrafnhildar og Anniku?
3. „Hilda, ekki vera leiðinlega fullorðin og hafa áhyggjur af öllum heiminum,“ segir Annika á bls. 207. Hvers vegna heldur þú að Annika geri lítið úr því að staða Akams sé ekki ásættanleg eða góð?
4. Af hverju telur þú að Hrafnhildur gefi í skyn á bls. 210 að Akam sé feluvinur hennar?
5. Hvað á hún við með hugtakinu feluvinur?
6. Ætli Akam hugsi þannig um Hrafnhildi?

Spurningar úr 29. kafla

1. Hrafnhildur segir á bls. 212: „Mér fannst ég aldrei hafa verið jafn lítil, heimurinn aldrei stærrí og mér fannst eins og hjartað í mér stækkaði á ógnarhraða.“ Hvað heldur þú að hún eigi við með þessu?
2. Hvað veldur þessum dramatísku tilfinningum og hugleiðingum hjá Hrafnhildi?
3. Viðmót Hrafnhildar gagnvart mömmu sinni, stjúppabba og systur er nú með besta móti. Hvers vegna heldur þú að hún sé jákvæðari gagnvart þeim en áður?
4. Sérðu merki þess að hugarfar Hrafnhildar og sýn á tilveruna sé að breytast? Getur þú nefnt dæmi?

Spurningar úr 30. kafla

1. Hrafnhildur hefur ákveðið að takast á hendur leynilegt verkefni eftir skóla. Hvaða áhrif hefur það á hana þennan skólalag?
2. Upplifir Hrafnhildur einhverjar nýjar tilfinningar eða breytt viðhorf til sjálftrar sín og heimsins?
3. Í frímínútum sér Hrafnhildur til þeirra Akams, Günthers og Alberts. Hún fylgist með látbragði þeirra án þess að heyra hvað þeir segja og hana langar að vita hvað sé í gangi á milli þeirra. Hvernig myndir þú lýsa samskiptum strákanna út frá því sem Hrafnhildur sér?
4. Tala þeir saman eins og jafningjar?
5. Hvernig heldur þú að Akam líði á þessu augnabliki?
6. Skrifaðu niður nokkur orð eða hugtök sem þér detta í hug og þér finnst lýsandi fyrir það sem á sér stað á milli strákanna.
7. Hvers vegna hlakkar Hrafnhildur til smíðatímanna hjá Herr Bechtold?
8. Skrifaðu stutta lýsingu á Herr Bechtold sem kennara með þínum eigin orðum út frá því sem Hrafnhildur segir um hann í kaflanum.

Spurningar úr 31. kafla

1. Nú kemur í ljós hvað Hrafnhildur hyggst gera eftir skóladaginn. Hún uppgötvar þó fljótt nokkra galla á áætlun sinni. Nefndu dæmi.
2. Efst á bls. 226 segir Hrafnhildur að henni líði eins og „maur í kviði bjarnar“. Hvað á hún við?
3. Við eftirför Hrafnhildar gerist nokkuð sem hún hafði ekki gert ráð fyrir og hún neyðist til að taka erfiða ákvörðun. Hver er sú ákvörðun?

Spurningar úr 32. kafla

1. Þegar Hrafnhildur sér Akam með systur sinni finnst henni hann vera ólíkur þeim Akam sem hún þekkir. Hvers vegna?
2. „Mér leið eins og ég hefði gengið úr einni veröld í aðra og ég fékk gæsaþúfuð,“ segir Hrafnhildur á bls. 230 um upplifun sína af hverfinu sem Akam býr í. Hvað gerir það frábrugðið hverfinu sem hún býr sjálf í? Hér getur verið gott að rifja upp lýsingar Hrafnhildar á sínu nánasta umhverfi, til dæmis í kafla 7 og kafla 10.
3. Af hverju telur Hrafnhildur flesta íbúa hverfis Akams vera innflytjendur?
4. Hvers vegna finnur Hrafnhildur fyrir uppgjöf og ráðaleysi á bls. 233?
5. Hvað verður til þess að Hrafnhildur flýr eftir að hafa njósnað um Akam?

Spurningar úr 33. kafla

1. Á flóttanum leitar Hrafnhildur skjóls í lítilli verslun. Hvers konar verslun er þetta?
2. Hvers vegna myndi Ólöf, mamma Hrafnhildar, ekki versla þar?
3. Hvernig er Hrafnhildi tekið í litlu versluninni?
4. Lýstu í stuttu máli verslunarmanninum og dóttur hans.
5. Við heimkomuna um kvöldið finnst Hrafnhildi hún vera „stærri og önnur“ en hún var þegar hún fór að heiman um morguninn. Hvers vegna?

Spurningar úr 34. kafla

1. Veltu fyrir þér hugtakinu meðvirkni og skilgreindu það.
2. Er vorkunn Lindu gagnvart Kormáki meðvirkni eða eðlileg og skiljanleg samúð?
3. Hrafnhildur sér sig knúna til að vera heiðarleg við Lindu og hún segir henni hvers vegna hún neyddi Kormák til að viðurkenna brot sitt. Hverjar eru ástæðurnar sem hún nefnir?
4. Breytist viðhorf Lindu þegar hún kemst að þessum ástæðum?
5. Ef svo er, hvers vegna?
6. Myndir þú segja að mál Kormáks og Lindu hafi fengið sanngjarnan og farsælan endi fyrir þau bæði?
7. Hvaða áhrif hafði málið á fjölskyldur Lindu og Kormáks og hvernig finnst þér þær hafa unnið úr málinu?

Spurningar úr 35. kafla

1. Hvers vegna heldur þú að Ólöf geymi heimatilbúnað gjafir frá Hrafnhildi ofan í skúffu en ekki uppi á vegg eða í hillu eins og pabbi hennar og amma?
2. Hvaða áhrif heldur þú að það hafi haft á Hrafnhildi í gegnum tíðina?
3. Hvað myndir þú gera í þessum sporum ef þú ættir barn sem gæfi þér slíkar gjafir?
4. Ólöf er á leið í vinkonuferð til Kaupmannahafnar. Hrafnhildur spyr mömmu sína hvers vegna aldrei hafi komið til tals að hún fengi að fara heim til pabba síns í haustfríinu. Eru svör Ólafar sannfærandi?
5. Hvað gefur Ólöf í skyn varðandi pabba Hrafnhildar?
6. Hvernig heldur þú að Hrafnhildi líði eftir samtalið?
7. Annika er einkar næm á fólk og aðstæður. Nefndu nokkur dæmi úr bókinni um það hvernig hún sýnir Hrafnhildi tryggð og vináttu.

Spurningar úr 36. kafla

1. Hvers vegna er Hrafnhildur svo miður sín að hún brestur í grát á bls. 261?
2. Af hverju heldur þú að Akam sé reiður við Hrafnhildi?
3. Hvað býr að baki reiðinni?
4. Heldur þú að Akam hafi óttast um Hrafnhildi af því að hún mætti ekki í skólann daginn eftir atvikið við sandkassann?
5. Hvaða orð Hrafnhildar særa Akam mest og af hverju?
6. Hvaða hugsanir telur þú að fari í gegnum huga Hrafnhildar eftir að hún gerir sér grein fyrir því hve djúpt hún særði Akam?
7. Telur þú að hún hafi séð aðstæður þeirra í nýju ljósi? Ef já, af hverju?
8. Hrafnhildur og Akam ákveða að skrópa í síðustu tveimur tímum í skólanum. Þau hafa aldrei sleppt tíma áður, en nú finnst Hrafnhildi það hárrétt ákvörðun. Hvers vegna heldur þú að henni finnist það?

Spurningar úr 37. kafla

1. Hrafnhildur lendir í nokkrum erfiðleikum með að útskýra fyrir Akam hvers vegna fjölskylda hennar flutti frá Íslandi. Hvernig bregst Akam við útskýringum hennar?
2. Af hverju verður Hrafnhildur svona vandræðaleg yfir viðbrögðum hans?
3. Hvers vegna flúði Akam með mömmu sinni og systur?
4. Af hverju kom pabbi hans ekki með?
5. Hvenær vissi Akam að pabbi hans myndi ekki fylgja þeim?
6. Er eitthvað líkt með pabba Akams og pabba Hrafnhildar?

Spurningar úr 38. kafla

1. Hvað hjálpaði Akam að sjá tilgang í að flýja og leita að betra lífi eftir að hann frétti að pabbi hans væri látinn?
2. Hvers vegna heldur þú að pabbi Akams hafi sagt honum að efna aldrei til ófriðar eða óvinskapar við nokkurn mann?
3. Hvernig fær frásögn Akams Hrafnhildi til að sjá sínar eigin aðstæður í nýju ljósi? Nefndu dæmi.
4. Hvers vegna lætur Akam kúgun Günthers og féлага yfir sig ganga?
5. Finnst þér skiljanlegt að hann kjósi að spila með í stað þess að verja sig?
6. Hrafnhildur gefur lítið fyrir skýringar Akams. Hún spyr hvað Akam haldi að pabbi hans hefði viljað að hann gerði. Finnst þér Hrafnhildur ganga of langt?
7. Er hún raunverulega fær um að setja sig í spor Akams?
8. Hvað á Akam við þegar hann segir Hrafnhildi að hún viti ekki hvernig talað sé um „okkur blóðsugurnar“ á bls. 275–276?
9. Hvað finnst þér um viðbrögð Herr Schneiders þegar Akam trúir honum fyrir kúguninni sem hann verður fyrir af hálfu Günthers?
10. Heldur þú að Herr Schneider hefði brugðist eins við ef Hrafnhildur hefði leitaði til hans með sama vandamál?
11. Hvað á Herr Schneider við þegar hann segir á bls. 276 að Akam hafi ekki verið boðið til Þýskalands til að „vera þiggjandi endalaust“?

Spurningar úr 39. kafla

1. Hvers vegna vill Heidi ekki að Hrafnhildur taki of harða afstöðu í sambandi við ástandið í Sírylandi?
2. Hvað á Heidi við þegar hún segir „við erum fólk af ólíkum menningarheimum“ á bls. 281?
3. Á sömu síðu segir Heidi: „Umræðan verður oft til þess að allir eru dæmdir fyrir sakir eins.“ Hvað á hún við?
4. Hvers vegna leggja innflytjendur oft meira á sig til að sanna sig en þau sem fædd eru í Þýskalandi, að sögn Heidiar?
5. Heldur þú að pressan á að sanna sig tengist því hve tregur Akam er til að leita sér hjálpar þegar hann er beittur kúgun og ofbeldi í Þýskalandi?
6. Af hverju ákveður Hrafnhildur að hætta við að heimta Íslandsferð í haustfríinu?
7. Annika leynir ekki gleði sinni og spenningi yfir því að Hrafnhildur ætli með henni og pabba hennar í haustfrí. Nefndu nokkur dæmi um það hvernig hún sýnir væntumþykju sína gagnvart Hrafnhildi.
8. Rétt fyrir brottför í haustfríið sér Hrafnhildur að Tryggvi horfir hlýlega til hennar og hún ákveður að faðma hann í kveðjuskyni. Hvað heldur þú að hafi haft áhrif á að viðhorf Hrafnhildar til Tryggva hefur mildast upp á síðkastið?

Spurningar úr 40. kafla

1. Eftir spjall vinkvennanna í bakaríinu skilur Hrafnhildur betur hvers vegna Annika vill svo gjarnan að þær klæði sig eins. Hvers vegna er Annika svo upptekin af því að þær líkist hvor annarri?
2. Hvers vegna verður Hrafnhildur döpur yfir því að hafa verið leiðinleg og pirruð við mömmu sína?
3. Í lok kaflans eiga Hrafnhildur og Annika hreinskilnislegt samtál um vináttu sína. Það rennur upp fyrir Hrafnhildi að hún hefur ekki þakkað Anniku fyrir vinskapið og traustið sem hún hefur sýnt henni. Hvers vegna ekki?
4. Finnst þér sennilegt að Annika hafi áhuga á að verða kærasta Hrafnhildar? Ef svo er, hvað bendir til þess?
5. Heldur þú að kynhneigð Anniku hafi haft áhrif á samskiptin á milli þeirra Hrafnhildar fram að þessu? Ef svo er, hvernig?
6. Getur óvissa í þessum efnum þvælst fyrir vináttu milli einstaklinga að þínum dómi?

Spurningar úr 41. kafla

1. Hrafnhildur spyr þabba sinn á gengra spurninga þegar hún hringir í hann á leiðinni í Svartaskóg. Hvers vegna verður hann vandræðalegur?
2. Hvers vegna útilokaði hann möguleikann á að Hrafnhildur byggi hjá honum í stað þess að flytja til Þýskalands?
3. Hvernig líður Hrafnhildi eftir samtalið við þabba sinn?
4. Finnst þér foreldrar Hrafnhildar axla jafnmikla ábyrgð á uppeldi hennar og umönnun?
5. Gegna þau ólíku hlutverki í lífi hennar? Ef já, hvernig?
6. Hvaða áhrif hefur dvölin í fjallabústaðnum á Hrafnhildi?
7. Hvernig líður henni þegar hún kemur heim?

Spurningar úr 42. kafla

1. Hvers vegna heldur þú að það veki undrun hjá Heinz-Otto og vinkonum Anniku að forsætisráðherra Íslands búi í fjölbýlishúsi með sameiginlegri þvottaaðstöðu og ruslageymslum?
2. Hvernig líður Hrafnhildi eftir kennslustundina hjá Heinz-Otto og hvers vegna?
3. Hvernig bregst Hrafnhildur við fyrst þegar Akam, Günther og Albert koma út á skólalóðina?
4. Hvað verður til þess að Hrafnhildur skerst í leikinn og leggur af stað til að hjálpa Akam?
5. Hvernig líður henni þá?
6. Enginn skiptir sér af strákunum nema Hrafnhildur, þótt hegðun Günthers og Alberts gagnvart Akam sé augljóslega ógnandi. Annika hrópar á eftir Hrafnhildi að skipta sér ekki af þeim og meira að segja kennari, sem verður á vegi þeirra, vísar frá án þess að gera nokkuð. Hvað finnst þér um það?
7. Hvaða viðbrögð myndir þú álíta rétt og æskileg hjá kennurum og samnemendum sem sáu hvað var að gerast?

Spurningar úr 43. kafla

1. Er rétt af Hrafnhildi að ráðast á Günther? Rökstyddu svarið.
2. Ætti Hrafnhildur að bregðast öðruvísi við? Ef svo er, hvernig?
3. Á bls. 309–310 segir Hrafnhildur „dagar mínir í þessum skóla voru taldir“. Hvað á hún við?
4. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur hafi beðið Akam fyrirgefningar eftir slagsmálin?
5. Annika reynir að fá Hrafnhildi ofan af því að skipta sér af rifrildi Akams og strákanna, hún fylgir henni ekki, en þegar Hrafnhildur öskrar: „Takið hnífinn“ á bls. 307, er það Annika sem bregst við og hleypur með hann inn í skóla, með Günther á eftir sér. Hvers vegna heldur þú að Annika vilji ekki að Hrafnhildur skipti sér af?
6. Hvers vegna heldur þú að Annika taki hnífinn þrátt fyrir að hafa ekki viljað blanda sér í málið í upphafi?
7. Er Annika hugrökk að þínu mati? Rökstyddu svarið.
8. Hvernig líður Hrafnhildi eftir átökin á skólalóðinni?
9. Hvað finnst henni sjálfri um það sem hún gerði?

Spurningar úr 44. kafla

1. Hvernig er ástandið á Hrafnhildi þegar hún kemur heim til sín?
2. Hrafnhildi berst hjálp úr ýmsum áttum. Segðu frá því í stuttu máli hvernig vinir og kunningjar hennar leggja sitt af mörkum svo hún jafni sig sem best eftir slagsmálin.
3. Hvað heldur þú að Hrafnhildur hugsi þegar hún kemst að því að Annika vissi í raun hvað var í gangi milli Akams, Günthers og félaga?
4. Annika telur að átökin hefðu getað endað á mun verri veg en þau gerðu. Ertu sammála því?
5. Setur Hrafnhildur sjálfa sig í of mikla hættu?
6. Hvernig kemur Ólöf mamma Hrafnhildar fram við hana eftir áflogin?

Spurningar úr 45. kafla

1. Annika segir Hrafnhildi að ef niðurstaða fundarins fari á versta veg, verði Hrafnhildur mögulega send á heimili fyrir vandræðaunglinga. Finnst þér réttlæt看legt að kalla Hrafnhildi vandræðaungling?
2. Hvað er vandræðaunglingur í þínum huga?
3. Hvaða áhrif heldur þú að það geti haft á unglínga í vanda að vera kallaðir vandræðaunglingar af fullorðnum?
4. Hvers vegna er svona mikilvægt að Hrafnhildur sé vel undirbúin fyrir fundinn með skólastjórnendum?
5. Færðu rök fyrir því að Hrafnhildur velji sérstaklega greinar 12 og 19 úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að verja málstað sinn gagnvart skólastjórnendum.
6. Hvert sækir Hrafnhildur hugrekki til að mæta örlögum sínum á komandi fundi? Nefndu þau dæmi sem þér detta í hug.

Spurningar úr 46. kafla

1. Hvernig líður Hrafnhildi þegar hún sér Tryggva hafa sig til fyrir fundinn, klæddan í jakkaföt og bindi?
2. Getur þú nefnt dæmi um það í kaflanum að Hrafnhildur upplifi stuðning og hlýju frá stjúpföður sínum?
3. Hvað gefur til kynna að Tryggvi sé stressaður fyrir fundinn?
4. Nefndu dæmi um eitthvað sem hann segir eða gerir sem kemur upp um hvernig honum líður?
5. Hvers vegna ætli hann sé stressaður?
6. Hrafnhildur líkir sér við „blóraböggul“ á bls. 334 þegar hún gengur inn á skólalóðina. Hvað þýðir orðið og af hverju heldur þú að henni líði þannig?
7. Hvernig viðbrögðum mætir Hrafnhildur þegar hún kemur í skólann?
8. Hvernig líður Anniku þegar hún mætir Hrafnhildi?
9. Af hverju heldur þú að Hrafnhildur vilji vera í lopapeysunni á fundinum þrátt fyrir efasemdir Anniku?

Spurningar úr 47. kafla

1. Þegar Hrafnhildur stígur inn í fundarsalinn er sem blóðið frjósi í æðum hennar. Hvers vegna líður henni þannig?
2. Hvað finnst þér um það hvernig Herr Schmidt kemur fram á fundinum?
3. Er hann faglegur og sanngjarn fundarstjóri?
4. Er átökum krakkanna á skólalóðinni lýst á hlutlausan hátt í upphafi fundarins?
5. Hvers vegna upplifir Hrafnhildur gremju og reiði gagnvart Heinz-Otto?
6. Hvað finnst þér um það að fundurinn sé látinn fara fram á þýsku, máli sem Hrafnhildur og fjölskylda hennar hafa takmarkaðan skilning á?
7. Hvaða aðstoð veitir Akam Hrafnhildi?
8. Hvað verður til þess að Hrafnhildur tekur af skarið og ákveður að verja sig af fullum krafti?
9. Hvað gerir Hrafnhildur þegar Herr Schmidt reynir að hindra að hún haldi langa ræðu?
10. Er Hrafnhildur sátt við frammistöðu sína á fundinum?

Spurningar úr 48. kafla

1. Hrafnhildur ber sig vel þegar mamma hennar segist hafa samviskubit yfir að hafa farið til útlanda í stað þess að mæta á fundinn með dóttur sinni. Hvers vegna heldur þú að Hrafnhildur hafi ekki tekið fjarveru mömmu sinnar nær sér en raun ber vitni?
2. Hvaða refsingu fékk Hrafnhildur fyrir þátt sinn í átökunum?
3. Er það sanngjörn niðurstaða að þínu mati?
4. Í garðveislunni í lok sögunnar er saman komið afar fjölbreytt og jafnvel skrautlegt safn vina Hrafnhildar. Rifjaðu upp í huganum hvernig það kom til að hver og einn gestanna er staddur þarna að fagna með Hrafnhildi.
5. Hvaða vinasamband finnst þér eiga sér óvæntustu eða skringilegustu söguna? Rökstyddu svar þitt.
6. Er eitthvert vinasamband í sögunni sem þér finnst sérstaklega fallett? Ef svo er, hvers vegna?

STYTTRI FRÁSAGNARVERKEFNI

Stutt frásagnarverkefni úr 1.–12.kafla

1. Dagbókar- eða samfélagsmiðlafærslur

Algengt er að fólk haldi til haga og miðli hugsunum sínum um eigið líf eftir ýmsum leiðum. Sumir halda dagbók sem enginn les nema þeir sjálfir, aðrir segja frá lífi sínu á samfélagsmiðlum. Frásagnarmátinn og framsetningin tekur gjarnan mið af þeim miðli sem notaður er hverju sinni. Sumir miðlar eru mjög myndrænir, aðrir henta betur fyrir texta, sums staðar er áherslan mest á myndbönd og svo framvegis. Hægt er að nota miðla sem eru alveg opnir eins og hver annar fjölmiðill, en einnig er hægt að hafa takmarkaðan áheyrnar- eða lesendahóp og misjafnt er hversu persónulegt og opinskátt fólk vill vera þegar það talar um líf sitt og skoðanir.

- Ímyndaðu þér að Hrafnhildur haldi dagbók eða skrifi færslur á samfélagsmiðil þar sem hún lýsir tilfinningum sínum og skoðunum og því sem á daga hennar drífur. Reyndu að setja þig í spor Hrafnhildar og skrifaðu eina til þrjár færslur sem gætu átt heima í dagbók eða á samfélagsmiðli. Ein færslan gæti til dæmis verið skrifuð þegar Hrafnhildur liggur uppi í rúmi fyrsta kvöldið í Þýskalandi. Aðra gæti hún skrifað kvöldið eftir að hún eignaðist hjólið og þá þriðju þegar hún kom heim, kvöldið eftir að hún hitti Heidi. Þú mátt gjarnan velja önnur tilefni til skrifa um.

2. Sjálfsmynd

Á bls. 7–8 ber Hrafnhildur sig saman við Lindu vinkonu sína og upplifir sig mjög venjulega miðað við hana. Hrafnhildur segist ekki vera góð í neinu.

- Í hverju ert þú góð/góður?
- Hefur þú upplifað pressu í þá veru að þú þurfir að skara fram úr á einhverju sviði?
- Er algengt að við berum okkur saman við aðra og hvaða áhrif heldur þú að það hafi á sjálfsmynd okkar?
- Getur verið að fólk sé yfirleitt gagnrýnna á sjálft sig en aðra?

3. Söknuður

Hrafnhildi finnst erfitt að flytja frá Íslandi og þá sérstaklega að yfirgefa pabba sinn. Söknuður er eitthvað sem allir upplifa einhvern tímann í lífinu.

- Hvað er söknuður í þínum huga?
- Nefndu dæmi um andleg og líkamleg áhrif sem söknuður getur haft á okkur?
- Hvers heldur þú að Hrafnhildur sakni sérstaklega í sambandi við pabba sinn? Hér máttu líka segja sögu af eigin söknuði.

4. Parísarsáttmálinn

Pabbi Hrafnhildar kom í heimsókn í skólann hennar á Íslandi til að kynna Parísarsáttmálann.

- Um hvað fjallar sáttmálinn í stuttu máli og hvaða áhrif telur þú að hann hafi?

5. Endursögn

- Segðu með þínum eigin orðum frá söguþræði bókarinnar frá 1.–12. kafla.

Stutt frásagnarverkefni úr 13.–24. kafla

1. Pressa frá foreldrum

Unglingar geta upplifað mikla pressu frá foreldrum sem vilja að þeir hagi lífi sínu á ákveðinn hátt. Óhætt er að segja að Hrafnhildur geri það, þá sérstaklega frá mömmu sinni.

- Nefndu dæmi um hvernig þetta birtist í sögunni.
- Hvað heldur þú að vaki fyrir foreldrum sem þrýsta mjög á börnin sín með þessum hætti?
- Er það gert af góðum hug, stjórnsemi eða kannski af hugsunarleysi? Hér getur þú til dæmis velt fyrir þér muninum á hvatningu og pressu og líka sagt frá dæmum úr eigin lífi.

2. Símar í skólum

Í 14. kafla kemst Hrafnhildur að því að það er bannað að vera með síma í skólanum í Þýskalandi.

- Ræddu kosti og galla þess að mega vera með síma í skólanum. Er þörf á reglum um símanotkun í grunnskólum hérlendis? Þetta verkefni getur hentað sem einfalt ritunarverkefni eða sem umræðuverkefni í hóp. Einnig mætti gera skoðanakönnun í bekknum eða á samfélagsmiðli og taka svo saman niðurstöðurnar og ræða í bekknum. Ef gerð er skoðanakönnun, þá má til dæmis spyrja: Finnst þér að banna ætti símanotkun í skólum? Gefa svo upp svarmöguleika og biðja um athugasemd með að minnsta kosti einni ástæðu fyrir því svári sem valið er. Rýna síðan í svörin og sjá hver algengustu rökin séu með og á móti.

3. Annað sjónarhorn

Í 16. kafla kynnist Hrafnhildur Akam og í 17. kafla kynnist hún Anniku. Þar sem bókin er skrifuð í fyrstu persónu er Akam og Anniku lýst frá sjónarhorni Hrafnhildar.

- Hvernig upplifðu Akam og Annika fyrstu kynni sín af Hrafnhildi?
- Segðu sögu Akams eða Anniku af því með því að gefa þeim rödd í fyrstu persónu.

4. Samskipti unglunga við foreldra

Í 18. kafla kemur Hrafnhildur buguð heim eftir hlaupin í skóginum og bæjarferðina með Anniku og vinkonum hennar. Hún leitar huggunar hjá mömmu sinni en segir henni ekki allan sannleikann.

- Heldur þú að algengt sé að unglingar vilji ekki deila erfðri reynslu og vandamálum með foreldrum sínum?
- Ef svo er, hvaða ástæður gætu legið þar að baki?

5. Góðir kennarar

Heinz-Otto er góður kennari í huga Hrafnhildar.

- Af hverju heldur þú að henni finnist það?
- Hvað einkennir góðan kennara að þínu mati?

6. Innflytjendur

Þegar hér er komið sögu hefur hugtakið innflytjandi töluvert borið á góma í samskiptum sögupersónanna.

- Hvaða merkingu leggur þú í orðið innflytjandi?
- Eru Akam og Hrafnhildur í þínum huga bæði jafnmiklir innflytjendur í Pýskalandi? Rökstyddu svarið.

7. Bakgrunnur og aðlögun – að vera eða vera ekki „þýskur“

Akam segir á einum stað í sögunni að hann og fólk eins og hann verði aldrei „alveg þýskt“. Það verði alltaf flóttafólk í augum annarra í Pýskalandi.

- Heldur þú að bakgrunnur Akams, til dæmis menning hans, trú og litarhaft, hafi áhrif á það að hann upplifi stöðu sína í landinu á þennan hátt?

8. Uppruni flóttafólks og ástæður flóttu

Velstu fyrir þér ólíkum uppruna flóttafólks og helstu ástæðum þess að fólk flýr heimaland sitt.

- Telur þú að flóttafólki sé misjafnlega tekið í nýju landi eftir uppruna þess og bakgrunni? Skiptir máli hvaðan fólk flýr og hvers vegna?
- Ekki er allt flóttafólk að flýja stríð eins og Akam. Hvað annað gæti fengið fólk til að flýja heimaland sitt?
- Eru forsendur alls stríðsflóttafólks þær sömu við komuna til nýs lands eða skiptir máli hvaða stríð og hvaða svæði er verið að flýja?
- Er til dæmis munur á því að vera stríðsflóttamaður sem kemur til Pýskalands eða Íslands frá Evrópulandi annars vegar eða frá fjarlægari heimshluta, eins og Miðausturlöndum, Asíu eða Afríku, hins vegar?

9. Persónulýsing

Í skáldskap eru ýmsar leiðir til að skapa persónur. Hægt er að lýsa útliti þeirra og hegðun en einnig er hægt að móta persónur með samtölum og viðbrögðum þeirra í mismunandi aðstæðum. Stundum er persónu lýst í gegnum upplifun annarrar sögupersónu af henni. Í þessari sögu sjáum við til dæmis margar af persónunum í gegnum augu Hrafnhildar. Svo leggur lesandinn til sína túlkun. Í huga eins lesanda getur orðið til persóna sem er ólík þeirri persónu sem verður til í huga annars lesanda þó svo að um sömu sögupersónuna sé að ræða. Hugarheimur hvers manns er einstakur.

Nú hafa allnokkrar persónur verið kynntar til sögunnar. Í síðustu köflum hafa tvær af aðalpersónum sögunnar bæst við, þau Akam og Annika. Einnig þekkjum við nú betur kennarann Heinz-Otto og fleira starfsfólk skólans. Lesandinn hefur líka fengið að kynnast Günther og Thomasi. Misjafnlega mikið er sagt frá hverri og einni persónu en allar þeirra hafa eflaust öðlast sitt eigið líf í huga þér.

Veldu eina af þessum persónum og lýstu henni með þínum eigin orðum. Þú mátt gjarnan ímynda þér og búa til einkenni sem koma ekki fyrir í sögunni en þér finnst passa við þá persónu sem þú velur. Einnig máttu láta í ljós skoðanir þínar á henni. Hér gæti verið gott að byrja á að teikna upp hugarkort.

Í þessu verkefni getur þú líka valið persónur sem áður hafa komið við sögu, til dæmis:

- Hrafnhildi
- Tryggva (stjúpabba Hrafnhildar)
- Unnstein (pabba Hrafnhildar)
- Ólöfu (mömmu Hrafnhildar)
- Lindu (vinkonu Hrafnhildar)
- Kormák (kærasta Lindu)
- ömmu Hrafnhildar sem líka heitir Hrafnhildur

Stutt frásagnarverkefni úr 25.–36. kafla

1. Að hrökkva eða stökkva ...

Á bls. 191 (í kafla 26) verður Hrafnhildi hugsað til Lindu og orða Heinz-Ottos fyrir um daginn.

- Hvaða orð heldur þú að Hrafnhildur sé með í huga?
- Hvað telur hún sig þurfa að gera og hvers krefst það?

2. Sjálfsmýnd Hrafnhildar

Ýmislegt getur haft áhrif á það hvaða augum við lítum okkur sjálf. Tilfinningar, tengsl við aðra, aðstæður okkar, reynsla og þroski eru dæmi um það sem getur mótað sjálfsmýndina.

- Berðu saman líðan og sjálfsmýnd Hrafnhildar í upphafi bókarinnar annars vegar og í lok 27. kafla hins vegar.
- Hefur eitthvað breyst innra með henni?

3. Forsendur vináttu

Hrafnhildur veltir fyrir sér hvers vegna hún hiki við að kalla Akam vin sinn í 28. kafla.

- Hverjar gætu verið ástæður þess?
- Sjálf hefur Hrafnhildur átt „vini“ sem hún eignaðist ekki á forsendum væntumþykju eða sameiginlegra gilda, heldur frekar út frá hentugleika. Er slík vinátta sönn að þínu mati?

4. Að eiga ekki ríkisfang

Akam tilheyrir hópi fólks sem er án ríkisfangs í heiminum.

- Hvað þýðir það að vera án ríkisfangs?
- Hvaða áhrif heldur þú að það hafi á manneskju að vera í þeirri stöðu? Veltu fyrir þér áhrifum þess á borgaraleg réttindi viðkomandi, sjálfsmýnd og ímynd gagnvart umheiminum.

5. Réttlæti, hræsni og heilindi

Hrafnhildur er mjög upptekin af samfélagslegu réttlæti og tekur nærri sér að vinir hennar og kunningjar séu beittir órétti. En Hrafnhildur segir samt stundum ósatt og svindlar á heimadæmum í stærðfræði með hjálp Akams.

- Er það ekki rangt?
- Á hegðun hennar einhvern tímann rétt á sér?
- Er Hrafnhildur hræsnari í siðferðismálum?
- Hvað er hræsni, tvöfeldni eða tvöfalt siðferði?
- Hvað eru heilindi og það að vera samkvæmur sjálfum sér?

Kynntu þér þessi hugtök og hugleiddu hvort og þá hvernig þau eigi við um Hrafnhildi, persónuleika hennar og hegðun.

6. Kúrdar og Íslendingar

Í 30. kafla hugleiðir Hrafnhildur það sem hún hefur lesið sér til um Kúrda og ber aðstæður Akams saman við sínar eigin.

- Segðu frá því með eigin orðum hver sé munurinn á stöðu Hrafnhildar og Akams í Þýskalandi.

7. Landlaus þjóð

Í 30. kafla kemst Hrafnhildur að því að Kúrdar eru þjóðarbrot sem lengi hefur háð blóðuga sjálfstæðisbaráttu og menning þeirra átt erfitt uppdráttar.

Landsvæðið sem þeir byggja tilheyrir Tyrklandi, Íran, Sírlandi og Írak.

- Ef þjóð þín væri í svipuðum sporum og Kúrdar í samtímanum, hvað fyndist þér þungbærast eða erfiðast?
- Veltu fyrir þér hugtakinu þjóð og þjóðerni – hvað gerir þjóð eiginlega að þjóð?
- Heldur þú að það skipti miklu máli fyrir einstaklinga og samfélög að fá að sýna þjóðareinkenni sín og vera stolt af þeim?

8. Eftirförin

Á bls. 224 segir Hrafnhildur: „Skynsamlegast væri að snúa við og hætta við allt saman.“

- Hvers vegna segir hún þetta?
- Í lok kaflans er hún að því komin að hætta við allt. Hvers vegna snýst henni hugur?
- Hvað heldur þú að vaki fyrir Hrafnhildi með þessari hættuför?

9. Dagbókarfærsla um samskipti Hrafnhildar og Ólafar

Þegar Hrafnhildur kemur heim til sín í 34. kafla, heyrir hún á tal mömmu sinnar og Tryggva og á svo í stuttum orðaskiptum við þau. Hún er of þreytt til að rífast í mömmu sinni eins og hún myndi kannski vanalega gera.

- Ímyndaðu þér að hún fái útrás með því að skrifa nokkur orð í dagbókina sína. Hvernig líður henni?
- Hvernig túlkar hún orð mömmu sinnar um holdafar sitt og áhyggjurnar af lífsstíl Anniku? Skrifðu stutta dagbókarfærslu með eigin orðum.

10. Mál Kormáks og Lindu

Hrafnhildur verður miður sín þegar hún heyrir af óréttlætinu sem Kormákur hefur beitt Lindu. Áætlun Hrafnhildar til að ná fram réttlæti fyrir vinkonu sína er lýst í 27. kafla. Aðgerðirnar höfðu heldur betur áhrif, eins og fram kemur í 34. kafla.

- Finnst þér Hrafnhildur hafa gert rétt með því að blanda sér í mál Lindu og Kormáks með þeim hætti sem hún gerði?
- Hefði hún átt að fara öðruvísi að?
- Hvernig hefðu málin þá mögulega þróast?

11. Frjáls eða ófrjáls

Á bls. 260 segir Hrafnhildur: „Akam var ekki frjáls maður, svo mikið var víst. En var ég frjáls ef ég skipti mér ekki meira af Akam?“

- Hvað á Hrafnhildur hér við með hugtakinu „frjáls“?
- Getur frelsi og ófrelsi verið margs konar?
- Hvað felst í því að vera raunverulega og fullkomlega frjáls að þínu mati?

Stutt frásagnarverkefni úr 37.–48. kafla

1. Flutningar, ferðalög – hégómi?

Akam á erfitt með að skilja hvers vegna Hrafnhildur og fjölskylda hennar yfirgáfu föðurland sitt og fluttu til Þýskalands, sbr. samtal þeirra í 37. kafla.

- Heldur þú að honum finnst fjölskyldan hafa flutt af hégómlegum ástæðum? Hvað er hégómi í þessu samhengi?
- Er eitthvað athugavert við það að yfirgefa gott líf og góð kjör til að reyna að öðlast enn betra líf og enn betri kjör?
- Mælir eitthvað gegn því að fólk flytji eða ferðist um heiminn til þess eins að breyta til? Svo sem til að upplifa betra veður en í heimalandinu?
- Er einhver ávinningur af því að ferðast eða prófa að búa í öðru landi þótt það sé ekki af nauðsyn?

2. Ólík saga – ólíkar aðstæður

Í samtölum Akams og Hrafnhildar kemur fram að þau hafa flust til Þýskalands af mismunandi ástæðum og að staða þeirra í landinu er líka að mörgu leyti ólík. Hrafnhildi finnst raunar saga sín ómerkileg, jafnvel „fyrirsjáanleg klisja“ miðað við sögu Akams, sbr. 37. kafla.

- Hverjar eru þessar mismunandi ástæður fyrir flutningi þeirra til Þýskalands?
- Nefndu dæmi um það hvernig kjör þeirra í landinu eru ólík.

3. Lífsgildi Akams

Í 37. og 38. kafla segir Akam Hrafnhildi sögu sína.

- Hvað getum við lesið út úr frásögn Akams um hann sem manneskju? Hvað skiptir hann mestu máli í lífinu?
- Hver eru gildi hans eða lífsmottó og hvaðan eru þau upprunnin?

4. Eitt land – margir menningarheimar?

Í kafla 39 heldur Heidi því fram að Þjóðverjar annars vegar og innflytjendur í Þýskalandi hins vegar séu fólk af ólíkum menningarheimum.

- Hvað á hún við?
- Er hægt að greina í sundur menningu Kúrda, Þjóðverja og Íslendinga á skýran hátt?
- Hvaða menningarheimi tilheyra Íslendingar í þessu samhengi?
- Heldur þú að Heidi líti á Hrafnhildi sem einstakling af ólíkum menningarheimi?
- Eru árekstrar óhjákvæmilegir þegar ólíkir menningarheimar mætast í sama landinu?

5. Missir

Missir ástvinar, foreldris eða systkinis hefur mikil áhrif á börn og mikilvægt að þau fái stuðning til að vinna úr áfallinu.

- Telur þú að missir Anniku hafi mótað hana sem manneskju?

6. Samskipti í skilnaðarfjölskyldum

Hrafnhildur upplifir sig stundum milli tveggja elda þegar henni finnst hún þurfa að afsaka hegðun foreldra sinna gagnvart hvort öðru. „Kannski var bara best að þau væru ekki mikið í sambandi,“ segir Hrafnhildur í kafla 41, bls. 294.

- Ertu sammála þessu?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að börn upplifi tilfinningar eins Hrafnhildur lýsir hér?
- Hver eða hverjir bera ábyrgð á að samskipti í skilnaðarfjölskyldum gangi vel?

7. Atvikið á skólalóðinni – viðbrögð Hrafnhildar

Hrafnhildur upplifir mótsagnakenndar tilfinningar þegar hún verður vitni að ofbeldi Günthers gagnvart Akam á skólalóðinni daginn örlagaríka. Í augnablik er eins og hún missi alla stjórn á sér en fái á sama tíma óvænt vald yfir sjálfri sér.

- Hvað heldur þú að sé að gerast innra með henni?
- Hvað drífur hana áfram þegar hún ræðst á Günther?

8. Atvikið á skólalóðinni – viðbrögð Ólafar

„Nú geturðu verið stolt af mér. Loksins gerði ég eitthvað sem skiptir máli,“ tilkynnir Hrafnhildur mömmu sinni þegar hún kemur heim eftir að hafa varið Akam fyrir árás Günthers og Alberts.

- Hvað finnst þér um viðbrögð Ólafar gagnvart dóttur sinni eftir að hún lendir í áflogunum í skólanum?
- Sýnir hún dóttur sinni nærgætni?
- Tekur hún málið alvarlega?
- Finnst þér að hún hefði átt að fresta vinkonuferðinni til að komast með Hrafnhildi á fundinn?

9. Fundurinn með skólastjórnendum

Hrafnhildur undirbýr sig af kostgæfni fyrir fundinn með skólastjórnendum.

- Segðu frá undirbúningnum í stuttu máli.
- Hverjir hjálpa henni og með hvaða hætti?
- Hvað er í húfi ef henni tekst ekki að útskýra sína hlið málsins?
- Hvað kemur Hrafnhildi á óvart við málsmeðferðina á fundinum?
- Hvernig heldur þú að staðið yrði að svona máli í þínum skóla?
- Segðu frá því í stuttu máli hvernig Hrafnhildur ver sig á fundinum.
- Hvaða atriði dregur hún fram og hvernig rökstyður hún mál sitt?

10. Samskipti Hrafnhildar og Unnsteins

Hrafnhildur treystir sér loksins til að hringja í pabba sinn og eftir nokkurt hik samþykkir hann að koma í heimsókn.

- Hvers vegna heldur þú að hún hafi dregið svo lengi að hringja í hann? Hér eru engin rétt eða röng svör – þetta er tækifæri til að velta vöngum.

Þegar Unnsteinn pabbi Hrafnhildar hikar segir Hrafnhildur hreinskilnislega að hún þarfnist hans. Hún biður hann að forgangsraða öðruvísi, taka hana fram yfir sín eigin áform.

- Heldur þú að börnum og unglingum finnist erfitt að biðja foreldra sína um slíkt?
- Er sjálfsagt að þínu mati að börn og unglingar hafi forgang í lífi foreldra sinna?

LENGRI FRÁSAGNARVERKEFNI

1. Vinátta

Gunnar Hersveinn fjallar meðal annars um vináttuna í bókinni *Gæfuspor – gildin í lífinu*¹. Hann segir meðal annars: „Vinátta er oftast lengi að verða til. Hún er ekki hrifning því fólk getur hrifist hvert af öðru án þess að mynda persónulegt samband. Vinátta felst í því að gera eitthvað saman, vinna, skemmta sér og leysa vandamál. Það vekur vonir um framtíðina að gera eitthvað ánægjulegt saman og skapa góðar minningar. Vinátta er því lifandi samband sem þróast og styrkist með árunum og segja má að góðir vinir bæti hver annan.“ (bls. 31–32)

¹ Gunnar Hersveinn, *Gæfuspor – gildin í lífinu*, JPV útgáfa, Reykjavík, 2005.

Vinátta er nátengd umhyggju og væntumþykju. En stundum getur komið upp ósætti við þau sem við þekkjum vel og þykir vænt um og þá getur vináttan hangið á bláþræði (verið í mikilli hættu).

Ræddu um vináttu í bókinni *Akam, ég og Annika*. Hér getur þú velt fyrir þér hvernig fólk tengist vináttuböndum og hvers vegna það dregst hvert að öðru. Einnig getur þú þælt í því af hverju Akam og Hrafnhildur tengjast vináttuböndum. Eða Hrafnhildur og Annika.

2. Réttlæti

Veltu fyrir þér hugtakinu réttlæti og hvaða merkingu þú leggur í orðið.

- Hvernig er réttlæti skilgreint?
- Er fólk sammála um hvað er réttlátt?
- Á hvaða gildum ætti réttlæti að byggjast?
- Stundum er sagt að fólk hafi sterka réttlætiskennnd. Hvað heldur þú að einkenni fólk með sterka réttlætiskennnd?
- Er hægt að mæla og meta réttlætiskennnd?
- Finnst þér réttlætið sigrá í lok sögunnar?

3. Fordómar

Gunnar Hersveinn fjallar meðal annars um fordóma í bókinni *Gæfuspor, gildin í lífinu*. Þar segir hann: „Náin persónuleg kynni á jafnréttisgrunni eru besta leiðin til að eyða fordómum okkar. Reynslan kennir að þegar tveir menn eða hópar vinna að sameiginlegu markmiði sigrast þeir á fordómum sínum gagnvart hvor öðrum.“ (bls. 146)

- Hvað eru fordómar og hvernig birtast þeir í sögunni *Akam, ég og Annika*?
- Hvaðan heldur þú að fordómar séu sprotnir? Hvað veldur þeim?
- Fordómaleysi – er það til? Getur maður orðið algjörlega laus við alla fordóma?
- Hverjar eru áhrifaríkustu leiðirnar til að minnka fordóma að þínu mati? Skiptir máli að vinna gegn fordómum?

4. Þroski

Það má vel líta á bókina *Akam, ég og Annika* sem þroskasögu Hrafnhildar.

- Hvað þýðir þroski?
- Hvers vegna er saga Hrafnhildar þroskasaga?
- Hvernig breytast viðbrögð Hrafnhildar og annarra við áskorunum í gegnum söguna?

5. Að taka afstöðu og grípa til sinna ráða

Í sögunni sjáum við mörg dæmi þess að Hrafnhildi finnst hún knúin til að mynda sér skoðun og fylgja eigin sannfæringu eftir með því að gera eitthvað í málunum. Oft reynist það henni erfitt og hún hugsar jafnvel að þægilegra væri að láta sem ekkert sé og leyfa öðrum að taka af skarið. Stundum er hún í vafa um hvort það sé yfirhöfuð skynsamlegt að taka afstöðu og grípa til aðgerða.

- Kannast þú við svona hugsanir?
- Hvernig vitum við hvenær við eigum að taka afstöðu og grípa til aðgerða og hvenær ekki?
- Erum við hræsnarar ef við höfum sterkar skoðanir en þorum svo ekki að sýna þær í verki?
- Skrifðu niður hugleiðingar þínar um þetta. Þú mátt gjarnan styðjast við dæmi úr sögunni og lífi Hrafnhildar eða skrifa alfarið frá eigin brjósti.

6. Skilnaðarbörn

Hrafnhildur er skilnaðarbarn og upplifir sorg vegna skilnaðar foreldra sinna, eins og flest ef ekki öll börn í slíkri stöðu, en kannski líka létti.

- Hvernig mótaði skilnaður foreldranna Hrafnhildi?
- Má segja að hún hafi öðlast nýja reynslu og aukinn þroska vegna skilnaðarins?
- Ræddu um áhrif skilnaða, kosti þeirra og galla, frá eigin brjósti og fléttað saman við sögu Hrafnhildar.

7. Stjúptengsl

Það kemur fram í sögunni að Hrafnhildur er mikil pabbastelpa, en jafnframt að sambandið við Tryggva stjúpföður hennar hafi verið stirt áður en til flutninganna kom. Sambönd stjúforeldra og stjúpbarna geta verið erfið og tengd flóknum tilfinningum.

Þegar Tryggvi tekur á móti Ólöfu og dætrum hennar í kafla 7, bls. 43, segir Hrafnhildur svo frá: „Ég átti von á því að næst myndi hann faðma mömmu og ég myndi standa hjá eins og venjulega sem fimmta hjólið. Mér að óvörum tók hann mig fast í fang sér, svo fast að nefið á mér flattist út á breiðri bringunni. Mig langaði kannski alveg smá til að faðma hann á móti en gat það ekki þar sem ég hélt á fiskibollunum.“

- Getur verið að hér sé gefin vísbending um að sambandið á milli þeirra tveggja eigi eftir að breytast?

Þegar nálgast sögulok í kafla 46, bls. 330, segir Hrafnhildur: „... hafi ég einhvern tímann efast um að Tryggva þætti vænt um mig, var sá efi nú úr sögunni.“ Tryggvi hefur augljóslega öðlast nýjan sess í lífi Hrafnhildar. Lýstu því hvernig samband Hrafnhildar við Tryggva kemur þér fyrir sjónir og hvernig það þróast í gegnum söguna. Þú getur til dæmis velt fyrir þér spurningum eins og:

- Hvað tengir þau saman?
- Eru þau lík eða ólík?
- Gerist eitthvað í sögunni sem færir þau nær hvort öðru?
- Hvernig kemur Tryggvi fram við Hrafnhildi og vini hennar?
- Hvernig reynist Tryggvi þegar Hrafnhildur þarf á stuðningi að halda?
- Hafa þau kennt hvort öðru eitthvað í lok sögunnar?

Einnig má velta fyrir sér stjúptengslum almennt.

- Hvað heldur þú að sé mikilvægast til að byggja upp gott samband milli stjúpfóreltris og stjúpbarns?
- Finnst þér Tryggvi og Hrafnhildur vera dæmi um vel heppnuð stjúpfeðgin?
- Eru kannski til margar útgáfur af góðum stjupsamböndum?

8. Hugrekki

Í bókinni kemur hugrekki töluvert við sögu. Stundum finnst Hrafnhildi að hana skorti hugrekki, á öðrum stundum er hún að springa úr því. Á bls. 253 má finna skilgreiningu á hugrekki eftir Gunnar Hersvein.

- Ertu sammála þessari skilgreiningu?
- Hvað er hugrekki í þínum huga?
- Hvaðan kemur það?
- Er það eitthvað sem maður fæðist með eða getur maður æft sig í því?
- Er hugrekki kannski smitandi?
- Geta aðrar manneskjur eða aðstæður gefið manni innblástur til að upplifa og sýna hugrekki?
- Hvernig tengjast hugtökin hugrekki og skömm?
- Getur skömm komið í veg fyrir hugrekki?

Ræðið eða skrifið niður hugleiðingar ykkar. Hér má styðjast við dæmi úr sögunni þar sem ykkur finnst að sögupersónur sýni hugrekki, eða skorti hugrekki. Rökstyðjið.

Í bók Gunnars Hersveins, *Gæfuspor, gildin í lífinu*, stendur líka: „Hinn hugrakki þarfnast aftur á móti sjálfsþekkingar en getur ekki öðlast hana nema með athafnasemi. Hann þarf að feta sig áfram og gera tilraunir sem koma honum vonandi ekki í koll. Hann lærir að þekkja hæfileika sína með því að prófa og gera mistök.“ (bls. 47)

- Getur þú tengt þessi orð Gunnars við framgöngu Hrafnhildar?

9. Bókargagnrýni

Á netinu má finna gagnrýni um bókina *Akam, ég og Annika*. Kynntu þér einhvern af bókdómum hér fyrir neðan til að fá tilfinningu fyrir framsetningu og formi slíkra texta og skrifaðu svo þinn eigin dóm um bókina. Gættu þess að láta skoðun gagnrýnendanna ekki hafa áhrif á þínar eigin skoðanir. Rökstyddu mál þitt vel og vísaðu jafnvel til bókarinnar með skáletrun eða með notkun gæsalappa. Hér er tækifæri til að benda á það sem þykir gott við bókina en líka það sem þér finnst að betur mætti fara.

Sjá:

<https://www.bokmenntaborgin.is/bokmenntavefur/>

[bokmenntaumfjollun/akam-eg-og-annika-0](https://www.bokmenntaumfjollun.is/akam-eg-og-annika-0)

<https://lestrarklefinn.is/2021/10/20/unglingabok-ur-okkar-heimi/>

<https://stundin.is/grein/14541/fjolmenning-skolalodinni/>

ÝMIS VERKEFNI

1. Hönnun bókarkápu

Þér hefur verið falið að hanna nýja bókarkápu fyrir endurprentun skáldsögunnar *Akam, ég og Annika*. Þú ræður hvort þú vinnur hana í tölvu eða á pappír. Efnistöð er frjálst en á kápunni verður að koma fyrir nafn bókarinnar auk nafns höfundar.

2. Rökstuðningur með hönnun bókarkápu

Segjum sem svo að tillaga þín komist í lokaúrtak ásamt tveimur öðrum. Ritstjóri hjá bókaforlaginu biður þig að skila inn stuttum texta (um 200 orðum) til að útskýra tillögu þína og rökstyðja hvers vegna hún ætti að verða fyrir valinu.

3. Teiknimyndasaga

Ímyndaðu þér að útgefandi bókarinnar efni til samkeppni um teiknimynda-sögu byggða á bókinni *Akam, ég og Annika*. Þátttakendur mega sjálfir ákveða frá hverju þeir segja en 2–4 síður af myndum og texta verða að fylgja tillögunni.

4. Kvikmyndun sögunnar

Ímyndaðu þér að framleiða eigi kvikmynd eftir sögunni *Akam, ég og Annika* og valdir verði nemendur sem eru áhugasamir um kvikmyndun til að aðstoða við verkefnið. Til að sækja um þarf að senda myndbandsbrot sem byggist á handriti bókarinnar. Hér má velja kafla eða atvik úr bókinni og búa til stutt myndband. Þetta verkefni er tilvalið hópverkefni. Ef þú kýst frekar að vinna það ein(n) er það vel mögulegt. Kannski leynast góðir leikarar innan fjölskyldunnar eða vinahópsins sem geta aðstoðað þig.

5. Myndlýsing sögunnar

Ímyndum okkur að við endurprentun bókarinnar eigi að myndlýsa hana. Þér er falið að gera þrjár myndir með hverjum kafla. Veldu einn kafla úr bókinni og teiknaðu þrjár myndir sem lýsa atburðum sem þér finnst skipta máli fyrir söguþráðinn.

6. Flótti Akams

Hér getur þú aflað upplýsinga um Kúrdistan og sett þig í spor þeirra sem hafa neyðst til þess að flýja heimaland sitt. Þú getur valið að skrifa sögu Akams á persónulegan hátt í fyrstu persónu og lýst tilfinningum hans og líðan eða skrifað frásögnina í þriðju persónu og þá kannski frekar á hlutlausari hátt.

7. Bréf frá Anniku til Hrafnhildar

Ímyndaðu þér að Annika skrifi Hrafnhildi langt bréf þar sem hún fer yfir það hvernig kynni þeirra hafa breytt afstöðu hennar til lífsins. Til dæmis er hægt að segja frá æsku Anniku og hvernig henni leið áður en Hrafnhildur kom í bekkinn. Þú gætir fléttað inn í textann þau áföll sem hafa haft áhrif á líf hennar. Mundu að í skáldskap er ekkert rangt eða rétt. Hér færð þú að skálda í eyðurnar að vild.

8. Umritun kafla

Veldu þér einn kafla í bókinni og skrifaðu hann aftur með þínum orðum. Mögulegt er að breyta atburðarásinni, láta söguna taka nýja stefnu eða kynna nýjar persónur til sögunnar.

9. Ný samtöl

Semdu ný samtöl milli sögupersóna. Skrifaðu stuttan samfelldan texta áður en þú skráir samtalið. Kíktu á samtölin í bókinni. Þar sérðu dæmi um það hvernig hægt er að setja samtöl upp. Þetta gætu til dæmis verið samtöl milli:

- Akams og systur hans Gelu
- Akams og Günthers (eða Thomasar)
- Anniku og pabba hennar Dietrichs
- Flísatangarmannsins og konu hans
- Hrafnhildar og Akams

Og svo mætti lengi telja, allt kemur til greina og samtölin sem þú skapar mega gjarnan veita nýja sýn á söguna.

10. Framhaldssaga

Ímyndaðu þér að samið yrði framhald af þessari sögu. Skrifaðu niður hvert umfjöllunarefni hennar yrði í grófum dráttum. Hér getur þú líka valið að skrifa fyrsta kaflann í þeirri sögu.